

## Hugstjórnun og hernaður. Veira og voðaverk

Á baráttudegi verkalýðsins árið 2020, gerði Alþjóðaheilbrigðisstofnunin (World Health Organization – WHO) samning við alræmt almannatengslafyrirtæki, Hill og Knowlton, um að semja áróðursáætlun fyrir framvindu heimsfaraldursins, sem stofnunin hafði lýst yfir tveim mánuðum áður. Undir rifjum þessa fyrirtækis er runninn áróðurinn fyrir lokun, sóttkvíum, einangrun, fjarlægð og grímum. Á afrekaskrá þessa fyrirtækis eru áróðuráætlanir fyrir tóbaksiðnaðinn, asbestiðnaðinn og stríðið í Írak, svo nokkuð sé nefnt.

Tilhvöt samningsgerðarinnar felst í þessum orðum frá stjórnendum WHO; það hefur aldrei verið mikilvægar en nú að tryggja réttan skilning á málflutningi stofnunarinnar, er lýtur að lýðheilsu og hinum rétta hljómgrunni um víða veröld. WHO er hinn lýsandi skilningsviti heimsbyggðarinnar, geislar vísindalegum og sannreyndum upplýsingum. Þrátt fyrir það hefur stofnunin orðið fyrir gagnrýni, m.a. fjölmiðlaumfjöllun, sem er til þess fallin að grafa undan áreiðanleika WHO sem uppsprettu upplýsingar um lýðheilsu heimsbyggðarinnar.

Áróðurfyrirtækið tók til óspilltra málanna. Duldar hetjur voru leitaðar uppi, t.d. sérfræðingar um heilsufar, sem gefa góð ráð í fjölmiðlum. Minni háttar áhrifavaldar eru þeir kallaðir, sem hafa á að skipa hollum aðdáendum og miðla réttum boðskapi. Meiri háttar áhrifavaldar eru hins vegar þeir kallaðir, sem hlotið hafa frægð og frama og njóta hollustu umtalsverðs aðdáandaskara.

Bresk og bandarísk stjórnvöld hafa heldur ekki látið sitt eftir liggja. Þau leituðu m.a. til almannatengslafyrirtækisins, Bell Pottinger. Þessu fyrirtæki höfðu þau áður falið áróður fyrir stríðsrekstri í Írakstríðinu, m.a. með því að gera falskar áróðurmyndir um grimmd Íraka. Í eftirminnilegri áróðurmynd segir grátbólgin unglingsstúlka, Nayira, frá því, hvernig vondir hermenn frá Írak bana ungbörnum í Kúvæt. Áður nefnt fyrirtæki, Hill og Knowlton Strategies, hafði yfirumsjón með þessum fölsunum. Starfsemi þeirra er kölluð atferlisvísindi (behavioural science).

Purpose Inc kemur líka við sögu. Þetta fyrirtæki hafði veg og vanda af áróðrinum í Sírlandi í sambandi við borgarastyrjöldina þar um slóðir frá árinu 2014. Markmiðið var: Hátternisbreytingar, breytingar á skynjun og túlkun, stjórn mála legar stefnubreytingar og innviðabreytingar.

Kunnasta áróðursbragð þess er trúlega „Hvíthjálmarinn“ eða „Borgarvarðlið Sírlendinga“ (Syrian Civilian Defense). Samtökin skilgreindu sig sem hlutlaus

mannúðar- og hjálparsamtök að baki víglínunnar. Það er alkunn brella stjórnvalda og sjóða til að komast til áhrifa, hræra í óeirðargrýtum eða skapa ófrið. Samtök eins og „Amnesty International“ og „Human Rights Watch“ reiddu sig á upplýsingar frá Hvíthjálmunum, sem m.a. blésu lífi í áróðurglæðurnar um notkun efna- og gereyðingarvopna, sem bandarísk og bresk stjórnvöld vildu telja okkur trú um að væri beitt þar eins og í Írak.

Áróður Hvíthjálma var fjármagnaður af bandarískum og evrópskum skattgreiðendum, trúlega einnig af NATO og Japönum. Fjáröflunarfyrirtæki þeirra var kallað Mayday Rescue Foundation. Handbók Hvíthjálma eða Purpose Inc um það, hvernig bregðast megi við efasemdum um Sýrlandsherferð þeirra, heitir „Sannleiksdrápið“ (Killing the Truth). Í ljósi staðfesta afbrota þessara mannþrifasamtaka, m.a. verslunar með líffæri, er nafngiftin harla kaldhæðnisleg.

(Samtökin voru stofnuð af breskum hermanni, James Le Mesurier, málaliða hjá Olive Group, sem nú hefur sameinast öðru málaliðafyrirtæki, Academi (fyrr þekkt sem Blackwater)).

Þetta er sem sé fyrirtækið, sem WHO kaus til að hanna áróðurinn í veirustríði sínu gegn heimsbyggðinni. Aðalherferðin er kölluð, „Sannreynd“ (Verified). Markmiðið kemur ekki á óvart: „Berjast gegn rangfærslum um Covid-19 með því valda flóði vísinda, lausna og samheldni á veraldarvefnum.“

Í lýsingu á einni orrustunni, „Staldrað við“ (Pause), er sagt frá því, að barist hefðu liðlega 50 áhrifavalda og 200 samtök víðs vegar um veröldina til að letja fólk til að senda falsfréttir á veraldarvefnum.

Fyrirtækið segir um falsfréttir: Þær eru verulegt vandamál á alheimsvísu, frá stórborgum til dreifbýlis. Þörf er fjöldaátaks til að hindra dreifinguna. Í þessu skyni kom Purpose sér upp samvinnufyrirkomulagi, sem gerði okkur kleift að virkja alla markhópa, án tillits til staðsetningar og menningar. Þeir voru hvattir til dáða í 250 samningum á ólíklegustu stöðum um allan heim.

Við hittum fólk að máli í önn dagsins og lögðum að því að beita menningunni í þágu boðskaparins í „Stöldrum við“ orrustunni. Fjöldi málsmetandi fólks hefur ljáð okkur raust sína, þ.m.t. Chelsea Clinton, Malala og Neil Patrick Harris.

Einnig var stofnað til samvinnu við TikTok. Umsögnin er svohljóðandi: TikTok vex hraðar en nokkur annar vettvangur samfélagsmiðla í veröldinni. Langflestir notenda eru varla hálfþrítugir. Við sóttum innblástur í hugmyndina um „að hitta fólk fyrir á

Þess eigin forsendum og sáum auk þess færi til að ná eyrum yngra fólks, þegar lagt var í vikulanga herferð í samvinnu við TikTok í Brasilíu.“

Fleiri fjölmiðlar eins og New York Times, Al Jazeera, EuroNews, DW og France24 og fleiri, voru einnig skotmark. Purpose segir m.a.: Sannreynd (Verified) hefur náð til milljarða manna um allan heim í traustri samvinnu við hefðbundna miðla og samfélagsmiðla. Svo víðtæk samvinna um fjölmiðlun hefur leitt til umræðu víðs vegar. Sökum herkænsku, sem fólst í hnitmiðaðri og víðtækri fjölmiðlaumfjöllun, hefur „Sannreynd“ öðlast orðspor sem áreiðanleg og vinsæl herferð. Samtímis náðum við til þeirra, sem voru óvarðastir fyrir röngum upplýsingum.

Það er varla undrunarefni, að helstu samherjar, auk WHO, sé mannvínastofnun Bill og Melinda Gates, Pierre og Pam Omidyar (eBay), Google, Bloomberg, Rockefeller stofnunin, Unilever, Nike, Tom og Jerry og Amnesty International.

Norski vefmiðillinn, Steigan.no segir: „Kórónukreppan hefur sótt afl til gengdarlauss áróðurs á heimsvísu. Þaggað hefur verið niður í gagnrýnendum og fræðimönnum í fremstu röð eða reynt að gera þá að athlægi og ómerkingum. [Þess í stað] hefur linnulaust verið haldið á lofti málflutningi í þágu stóru lyfjafyrirtækjanna og eigenda þeirra í Black Rock og State Street [fjármagnsfyrirtækjanna] í öllum meginstraumsfjölmiðlum ...“

[https://www.purpose.com/case\\_studies/verified/](https://www.purpose.com/case_studies/verified/)

<https://steigan.no/2016/09/hvite-hjelmer-helter-eller-terrorister/>

<https://thesyriacampaign.org/wp-content/uploads/2017/12/KillingtheTruth.pdf>

<https://steigan.no/2016/09/white-helmets-bruker-barn-i-kampanje-for-full-krig/>

[https://en.wikipedia.org/wiki/Bell\\_Pottinger](https://en.wikipedia.org/wiki/Bell_Pottinger)

<https://steigan.no/2018/12/fn-panel-om-white-helmets-organhandel-og-andre-forbrytelser/>

<https://www.thetimes.co.uk/article/thatcher-s-pr-guru-ran-iraq-propaganda-for-pentagon-lw5zlsfkx?region=global>

<https://thegrayzone.com/2017/05/23/video-white-helmets-executions-rebel-syria/>

<https://thegrayzone.com/2021/05/07/syria-white-helmets-mayday-fraud-netherlands/>

<https://www.hkstrategies.com/en/specialist-expertise/behavioral-science/>

<https://steigan.no/2019/02/vanessa-beeley-the-tale-of-the-white-helmets-in-the-western-media-on-the-ground-in-syria-and-beyond/>

<https://efile.fara.gov/docs/3301-Exhibit-AB-20200714-38.pdf>

<https://steigan.no/2022/02/pr-firmaet-som-ga-oss-white-helmets-driver-pr-kampanjen-for-koronadiktaturet-for-fn/>